

Alþingi
Eriandi nr. 5 138/2746
komudagur 8.6.2010

Ábendingar til samgöngunefndar Alþingis

Berghild Kristinsdóttir

2010

Reykjanesbær

Bæjarráð Reykjanesbæjar hefur gert eftirfarandi athugasemdir tillöguna og sent til samgöngunefndar:

1. Reykjanesbær hóf baráttu fyrir öruggum gatnamótum Reykjanesbrautar/Grænásbrautar árið 2007 þegar fyrrum varnarsvæði var tekið yfir við brotthvarf Varnarliðsins. Samkvæmt samgönguáætlun frestast enn að tryggja öryggi vegfaranda bæði gangandi og akandi, en um 1700 manns búa nú á svæðinu, þar af hátt hlutfall barna, sem þurfa að sækja þjónustu yfir Reykjanesbraut. Óviðunandi er að gangandi og hjólandi vegfarendur innan Reykjanesbæjar þurfi að fara yfir eina fjölförnustu hraðbraut landsins á leið sinni milli íbúðahverfa.
Gert er ráð fyrir aðeins 65 millj. framlagi til verkefnisins á Samgönguáætlun á árinu 2010 og 80 millj. árið 2011. Þetta framlag mun alls ekki duga til nauðsynlegra framkvæmda á svæðinu auk þess sem enn er dregið að framkvæma. Reykjanesbær krefst aðgerða strax.
2. Reykjanesbær hefur ítrekað óskað eftir framlögum til framkvæmda í Helguvík, vegna hafnarframkvæmda tengdum álveri og öðrum stórum atvinnutækifærum sem ríkisstjórnin treystir á að verði að veruleika, samkvæmt þjóðhagsspá. Engu að síður er hvergi getið um framlög ríkisins til verkefnisins í samgönguáætlun, eða lagasetningu því til stuðnings.
3. Óskað hefur verið eftir að lokið verði við tengingu með svokölluðum Olíuvegi frá Reykjanesbraut niður á Keflavíkurveg 424 (Þjóðbraut). Vegagerðin hefur þegar fjárfest í hluta brautarinnar sem stendur ónotuð nema þessi tenging verði gerð. Reykjanesbær hefur bent á bráðabirgðalausn sem er umtalsvert ódýrari en framtíðartenging, og er reiðubúinn að fallast tímabundið á þá leið fyrir sitt leyti. Ekki er tekið tillit til þessara óska í samgönguáætlun.
4. Bent hefur verið á hættuleg gatnamót á Reykjanesbraut við Stekk að Fitjum í Njarðvík, sem hafa verið ein hættulegustu gatnamót í Reykjanesbæ. Með einföldum hætti væri hægt að útrýma þessum „svartbletti“. Ekki er tekið tillit til þessa í þessari samgönguáætlun.

Grindavík

Eftirfarandi mál eru efst á baugi hjá Grindavíkurbæ.

- Suðurstrandarvegur, klára að Ísólfskála.
- Breikkun og lagfæringar á Grindavíkurvegi, ein mesta slysagildra á landinu.
- Sjóvarnir á ýmsum stöðum í Grindavík.
- Undirgöng á Grindavíkurveg við innkomu í bæinn, vegna skólabarna.
- Dýpkun hafnarinnar og innri innsiglingarrennu.

Vogar

Eftirfarandi athugasemdir komu frá Sveitarfélaginu Vogum.

- Um leið og framlögum til framkvæmda við sjóvarnagarða í sveitarfélaginu á árinu 2012 er fagnað, leggur bæjarráð Sveitarfélagsins Voga áherslu á mikilvægi þess að Vatnsleysustrandarvegur verði endurgerður og samhliða lagður hjólreiðastígur og reiðleið í samræmi við aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2008-2028, sbr. ályktun aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum frá 17. október 2009.
- Bæjarstjóri og forseti bæjarstjórnar hafa á fundum með fjárlaganefnd Alþingis og þingmönnum Suðurkjördæmis lagt mikla áherslu á þetta verkefni og mikilvægi þess fyrir umferðaröryggi og ferðapjónustu á svæðinu. Þegar tvöföldun Reykjanesbrautar lýkur, er gert ráð fyrir því að hjólreiðaumferð verði bönnuð, því er afar mikilvægt að tímanlega verði hugað að gerð hjólreiðastígs meðfram Vatnsleysustrandarvegi. Vegurinn fór mjög illa við jarðvegsflutninga tengdum framkvæmdum við tvöföldun Reykjanesbrautar. Öryggi vegarins er ekki nægilega mikið, sem sést best á því að flest umferðarslys í sveitarfélaginu verða á Vatnsleysustrandarvegi.
- Jafnframt telur bæjarráð mikilvægt að gerð verði undirgöng undir Vogabraut fyrir ríðandi og gangandi, í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins

Sandgerðisbær

Bæjarráð Sandgerðis vill koma eftirfarandi á framfæri við samgöngunefnd.

1. Lagfæringar á vegi frá Sandgerðisbæ að Ósaboðnum.
2. Breikkun og lagfæringar á vegi til Sveitarfélagsins Garðs.
3. Lýsingu á veg til Sveitarfélagsins. Garðs.
4. Lýsingu á Heiðarveg að Reykjanesbraut.
5. Sjóvarnir á ýmsum stöðum í Sandgerðisbæ.
6. Að lokið verði við framkvæmdir við Strandgötu.
7. Undirgöng á Heiðarveg við innkomu í bæinn, vegna barna frá grunnskóla til íþróttasvæða.
8. Lagfæringar innan hafnar.

Sveitarfélagið Garður

Eftirfarandi ábendingar komu frá Sveitarfélaginu Garði.

- Lýsingu á Garðveg frá Mánagrund að innkomu í bæinn
- Lagfæring og endurbætur á sjóvörnum frá höfninni að Garðskagavit, en víða eru komin skörð í sjóvörnina og hún sigið en bæði minjar og nytjatún liggja undir skemmdum vegna ágangs sjávar